

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2000

frá 28. júní 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2000 frá 4. febrúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 1999/86/EB frá 11. nóvember 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun 76/763/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi farþegasæti í landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 76/763/EBE) í II. kafla í II. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

„- **399 L 0086:** Tilskipun ráðsins 1999/86/EB frá 11. nóvember 1999 (Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 22).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 22.

2. gr.

Texti tilskipunar ráðsins 1999/86/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.